

Skipulagsfulltrúi
Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. febrúar 2017
UST201701-152/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi nýs deiliskipulags við Stekkjarbakka í Reykjavík

Við er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að nýju deiliskipulagi við Stekkjarbakka.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að um 17,5 ha svæði er að ræða sem er staðsett norðan Stekkjarbakka. Svæðið afmarkast af Stekkjarbakka til suðurs, Höfðabakka til austurs og göngustíg við mislægu gatnamótin við Reykjanesbraut til vesturs.


Náttúruminjasvæði


Ofangreint svæði er í nágrenni svæðis nr. 124 á náttúruminjaskrá, en í skránni segir: *Ellidaárdalur, Reykjavík, Kópavogi. Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.* Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið sé tillit til svæðis á náttúruminjaskrá þegar hugað er að skipulagi á svæðinu norðan Stekkjarbakka.

Framkvæmdir

Í lýsingu kemur fram að starfsemi BioDome Reykjavík er áætluð á u.þ.b. 5000 m² lóð á ofangreindu svæði. Í lýsingu kemur fram að starfsemin muni standa saman af þyrpingu gróðurhvelfinga sem verða utan um stærri kjarna og markaðstorg. Umhverfisstofnun bendir á að hentugast væri að koma upplýstum gróðurhvelfingum fyrir austast á svæðinu þar sem íbúðarhús eru ekki nærri, svo ljósamengun trufli ekki útsýni íbúðarhúsa sem hafa verið á svæðinu um áratugaskeið.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri